

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri
v/ Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Fjölmiðlavaktarinnar um frumvarp til höfundalaga, 325 mál.

Undirritaður vill byrja á að þakka menntamálanefnd Alþingis fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarp þetta. Lagasetningar um höfundarétt geta haft afgerandi áhrif á starfsumhverfi okkar og því mikilvægt að fá að fylgjast með því sem er að gerast á þessu sviði.

Fjölmiðlavaktin hefur verið starfrækt í u.þ.b. 20 ár, lengst af undir nafni Miðlunar ehf., en var í ársbyrjun 1998 gerð að sjálfstæðu fyrirtæki undir nafninu Fjölmiðlavaktin ehf. Við skilgreinum starfsemi okkar sem upplýsingaþjónusta, sem sérhæfi sig í upplýsingum um fjölmiðlaumfjöllun. Við þjónum fyrirtækjum og stofnunum í leit þeirra að nauðsynlegum upplýsingum um umfjöllun fjölmiðla og gerum þeim kleift að bregðast rétt við. Nánast óhugsandi er að hafa yfirsýn yfir alla fjölmiðlaumfjöllun nema með því að nýta þjónustu sem þessa og því er starfsemin sem slík nauðsynlegur milliliður milli fjölmiðla og atvinnullfsins. Því hefur verið sett fram sú skilgreining (m.a. af alþjóðasamtökum fyrirtækja á þessu sviði, en einnig á Evrópuþinginu af ítalska þingmanninum Roberto Barzanti) að auk þess sem nauðsynlegt sé að tryggja réttindi höfunda, sé jafnframt nauðsynlegt að tryggja einstaklingum og lögaðilum möguleika á að verjast fjölmiðlaumfjöllun með markvissum viðbrögðum. Þjónusta á sviði fjölmiðlavöktunar (media monitoring) er forsenda fyrir því.

Fjölmiðlavaktin hefur um árabíl átt gott samstarf við handhafa höfundaréttar á fjölmiðlaefni. Þannig höfum við gert samninga við Blaðamannafélagið, Starfsmannafélag ríkisútvarpsins, Félag fréttamanna á ríkisfjölmiðlum, Hagþenki, Okkar menn (fréttaritara Mbl), Árvak, Frjálsa fjölmiðlun, Ríkisútvarpið og Íslenska útvarpsfélagið. Með þessu hefur skapast sátt um þessa starfsemi sem við vonum að muni standa um ókomna tíð.


Þær breytingar á höfundalögum sem nú liggja fyrir Alþingi og snúa að okkar starfsemi eru einkum þær sem fjalla um verndun gagnagrunna. Þetta snýr að okkar starfsemi á tvönnan hátt; annars vegar varðandi okkar eigin gagnagrunna og hins vegar vöktun okkar á fréttagagnagrunnum fjölmiðlanna.

Hvað varðar fyrri atriðið, þá byggir starfsemi okkar að nokkru leiti og raunar í vaxandi mæli á því að byggja upp gagnagrunna með fréttum sem viðskiptavinir okkar hafa aðgang að. Með því að lagasetning kveður á um sérstaka verndun slíkra gagnagrunna fæst ákveðin viðurkenning á því framlagi til vörunnar sem felst í uppbyggingu gagnagrunnsins. Þetta tel ég vera jákvætt skref og þó eldri lög hafi stigið einhver skref í þessa átt er með breytingunni kveðið mun skýrar að orði varðandi rafræna gagnagrunna. Við teljum því 1. gr. frumvarpsins horfa til framfara.

Í 10 gr. frumvarpsins segir "Endurtekinn og kerfisbundinn útdráttur og/eða endurnýting óverulegs hluta af gagnagrunni er óheimil ef þær aðgerðir stríða gegn venjulegri nýtingu hans eða ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda gagnagrunnsins." Í þessum texta eru nokkur atriði sem við gerum athugasemdir við. Hingað til hafa höfundalög ekki tiltekið útdrætti, enda er þar um að ræða nýjan texta sem í sjálfu sér getur talist frumsaminn. Í gerð útdráttis felst að setja niður frásögn af innihaldi texta, ekki endurbirting. Það hlýtur því að orka nokkurs tvímælis að fella gerð útdráttar undir höfundavernd með þessum hætti. Hins vegar má lesa útúr textanum að þarna sé ætlunin að vernda framleiðendur gagnagrunna (skv. skilgreiningu laganna) fyrir stórfelldri endurgerð gagnagrunns sem skaðar hagsmuni hans. Í slíku tilviki hlyti hins vegar að vera um að ræða stórfellda endurgerð en ekki endurgerð á "óverulegum hluta". Útdráttur úr "óverulegum hluta" gagnagrunns hlýtur að þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að miðla upplýsingum um innihald gagnagrunnsins en ekki en ekki að vera staðgengilsvara með þeim hætti að það skaði hagsmuni framleiðandans. Gildi gagnagrunna hlýtur að felast fyrst og fremst í safninu sem slíku, þ.e. að geta nálgast á einum stað verulegt magn upplýsinga. Ég fæ því ekki séð að útdrættir úr einstaka hlutum gagnagrunns geti verið ógnun við hagsmuni framleiðandans. Ég vek athygli á því að hvað þetta varðar eru hagsmunir Fjölmíðlavaktarinnar tvíþættir, þ.e. annars vegar erum við framleiðendur gagnagrunna sem byggja á vöktun okkar og fæ ég ekki séð að breyting á þessu ákvæði ógni hagsmunum okkar, hins vegar vöktum við fyrir viðskiptavinum okkar gagnagrunna fjölmíðlaefnis þar sem þjónustan byggir á því að koma upplýsingum til þeirra um innihald þeirrar umfjöllunar sem þar kann að vera að finna. Þetta er hægt að gera m.a. með gerð útdráttar. Af framansögðu leiðir að við teljum orka tvímælis að stigið sé skref í þá átt að gerð útdráttar úr texta verði felld undir höfundalög

Það skiptir starfsemi okkar verulegu máli að höfundalög séu skýr þannig að ljóst sé með hvaða hætti hægt sé að reka fjölmíðlavöktun. Það skiptir einnig máli að lagasetningar um höfundarétt girði ekki fyrir alla skynsamlega framþróun á þessu sviði. Síðast en ekki síst skiptir máli að þeir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart fjölmíðlaumfjöllun eigi möguleika á að fá þá yfirsýn yfir umfjöllunina sem nauðsynleg er.

Virðingarfyllt,



Skúli H. Skúlason
framkvæmdastjóri
Fjölmíðlavaktin ehf.